



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki, 15. desember 2016

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skuli greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Tekið er fram að ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings skuli endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að af heildar-uppgjörinu er áætlað að um 9,3%, eða sem svarar til 9,9 ma.kr., séu lífeyrisréttindi starfsmanna B- og C-hluta fyrirtækja og lánasjóða og sambærilegra aðila sem ekki eru fjármagnaðir að meiri hluta af skattfé. Ekkert kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hvernig sú upphæð skiptist á milli stofnana eða hvaða áhrif þetta frumvarp mun hafa á rekstur stofnana eða skuldastöðu.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 106/1999 er Byggingastofnun rannsóknarstofnun. Hún fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Hlutverk Byggingastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í



atvinnulífi. Bygðastofnun er því einnig lánastofnun og er sem slík á C-hluta ríkisreiknings og nýtur því fjármagnstekna af lánastarfseminni, auk fjárframlaga af fjárlögum til að reka aðra hluta starfseminnar, þ.á.m. til að fjármagna starfsemi landshlutabundinna atvinnuþróunarfélaga.

Það er bagalegt fyrir Bygðastofnun að geta ekki með góðu móti metið áhrif frumvarpsins á rekstur stofnunarinnar. Líklegt má telja að stofnunin fari þess á leit að því verði mætt með hækkuðu fjárframlagi í fjárlagavinnu næsta árs þegar áhrif lagasetningarinnar á rekstur stofnunarinnar verða komin fram.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri